



B.t. Bæjarstjórna Kópavogs- og Garðabæjar

Sent með tölvupósti á,

armann@kopavogur.is, palmitor@kopavogur.is, gunnar@gardabaer.is, gudjon@gardabaer.is,

Reykjavík, 3. maí 2022.

Varðar: Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar - óvissa vegna Íslandsmóts í golfi.

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar (GKG) sótti um til GSÍ að halda Íslandsmótið í golfi árið 2024 á 30 ára afmælisári golfklúbbsins. Mótið er umfangsmesti einstaki viðburðurinn á ári hverju í golfhreyfingunni. Mikil ánægja var hjá stjórn GSÍ með að fá umsókn frá GKG, enda starf klúbbsins skipað sér sess á meðal þess sem best gerist innan golfhreyfingarinnar. Það voru því vonbrigði er stjórn golfklúbbsins tilkynnti þann 7. apríl s.l. til stjórnar GSÍ að klúbburinn dragi umsókn sína til baka vegna þeirrar óvissu sem framkvæmdir á komandi misserum á svæðinu munu bera með sér. Ný umsókn klúbbsins miðar nú að því að halda Íslandsmótið árið 2029 á Leirdalsvelli.

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar er mjög mikilvægur hlekkur innan golfhreyfingarinnar þar sem 2600 félagsmenn, þar af um 800 börn- og unglingar, stunda sína íþrótt. Afreksstarf klúbbsins hefur verið framúrskarandi, lýðheilsa, sjálfbærni og ábyrg landnotkun í fyrirrúmi auk þess sem rekstur klúbbsins hefur verið til fyrirmyndar innan golfhreyfingarinnar. Eðli máls samkvæmt hefur stjórn Golfsambands Íslands áhyggjur af stöðunni sem upp er komin. Samkvæmt forsvarsfólki klúbbsins hefur samstarfið við bæði sveitarfélögin gengið vel en óvissan sem stendur hindrar framtíðaruppbyggingu íþróttasvæðisins.

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar er fyrirmyndaríþróttafélag innan GSÍ og ÍSÍ og ætti að sitja við sama borð og önnur íþróttafélög í sveitarfélögunum tveimur hvað varðar uppbyggingu á sínum íþróttamannvirkjum, félagsaðstöðu og áhaldahúsi.

Í ljósi framangreinds óskum við hjá Golfsambandi Íslands eftir upplýsingum um það hvort að tryggt sé að starfsemi klúbbsins verði óskert í framtíðinni vegna þeirra framkvæmda sem nú fyrirhugaðar eru.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Golfsambands Íslands

Brynjar Eldon Geirsson

Brynjar Eldon Geirsson

framkvæmdastjóri GSÍ

GOLFSAMBAND ÍSLANDS